

Fundargerð 5. fundar stjórnar Sprotasjóðs 2011-2012

Fundurinn var haldinn, 26. nóvember 2011 í húsnæði Sambands íslenskra sveitarfélaga. Mættir voru: Sigurjón Mýrdal, formaður stjórnar Sprotasjóðs, Rósa Gunnarsdóttir, Björg Bjarnadóttir, Svandís Ingimundardóttir, ásamt Sigrúnu Vésteinsdóttur, verkefnisstjóra Sprotasjóðs.

Sigurjón Mýrdal var fundarstjóri og setti fundinn kl. 13:00. Sigrún Vésteinsdóttir var ritari fundar. Ræddir voru eftirfarandi fundarliðir:

1) Áherslusvið næsta úthlutunarárs:

Samkvæmt upplýsingum frá formanni stjórnar þá leggur ráðherra til að áherslusvið sjóðsins tengist að þessu sinni útgáfu nýrrar aðalnámskrár, grunnþáttum menntunar og innleiðingu nýrrar menntastefnu.

Hugmyndir að áherslusviðum voru ræddar út frá þessum viðmiðum og út frá þeim umræðum leggur stjórn sjóðsins fram eftirfarandi hugmyndir:

- a) **Próun skólanámskrár með hliðsjón af nýrri menntastefnu**
- b) **Virkt lýðræði, mannréttindi og samskipti í skólum**

Stjórn sjóðsins taldi einnig mikilvægt að opið væri fyrir aðrar umsóknir, líkt og verið hefur síðastliðin ár. Formaður stjórnar sjóðsins mun svo bera þessar hugmyndir undir ráðherra til samþykkis.

2) Umsóknarferlið

Ákveðið var á fundinum að stefna að því að auglýsa eftir umsóknum sem fyrst á nýju ári. Lagt er upp með að opnað verði fyrir umsóknarferlið í janúar og að hægt verði að senda skólunum svör við umsóknum sínum í kringum páska. Þannig geta skólarnir tekið tillit til þeirra verkefna sem þeir hljóta styrk fyrir í undirbúningi sínum fyrir komandi skólaár.

3) Umsóknareyðublað

Á fundinum lagði Rósa Gunnarsdóttir fram tillögu að breytingum á umsóknarforminu. Farið var yfir þessar tillögur og aðrir stjórnarmenn og umsýsluaðili komu einnig fram með tillögur að breytingum. Með þessum breytingum er verið að leggja áherslu á að einfalda og stytta umsóknarformið og gera þannig aðgengilegra fyrir umsækjendur. Rósa mun klára að færa inn þessar breytingar sem lagðar voru til á fundinum og verður þetta umsóknarform tekið inn fyrir næstu úthlutun.

4) Leiðbeiningar um áfanga- og lokaskýrslur

Stuttlega var rætt um þær leiðbeiningar sem til eru fyrir styrkþega um áfanga- og lokaskýrslur en þessar leiðbeiningar eru inn á vef umsýsluaðila (www.rha.is). Stjórn sjóðsins er sammála um þörf þess að yfirfara og breyta þessum leiðbeiningum, sérstaklega þær sem varða lokaskýrslu. Vilji er fyrir því að tengja betur saman upplýsingar í umsóknarforminu og þær upplýsingar sem þurfa að koma fram í lokaskýrslu.

Ákveðið var að nánar yrði farið í leiðbeiningar um skýrslur þegar breytingar á umsóknarforminu lögju fyrir.

5) Önnur mál

Rætt var stuttlega um mikilvægi þess að kynna betur þau verkefni sem Sprotasjóður styrkir og kom upp sú hugmynd að efna til ráðstefnu, þar sem meðal annars yrðu kynnt áhugaverð verkefni sem hlotið hafa styrk úr Sprotasjóði. Stjórn sjóðsins vill skoða þessar hugmyndir og taka aftur upp umræðu um kynningu á sprotasjóðsverkefnum og tenginu þeirra við kynningu á öðrum áhugaverðum verkefnum sem unnin eru innan skólastiganna.

Ákveðið var að næsti fundur Sprotasjóðs yrði haldinn 19. desember í menntamálaráðuneytinu kl. 11:00-12:00. Þar yrði meðal annars gengið frá auglýsingu sjóðsins og fleiri atriði sem snúa að skipulagi og verkferlum.

Ekki voru fleiri mál til umræðu á þessum fundi og var fundi slitið kl. 15:00